

## Frá ferð Iðunnar Ásu Óladóttir til Gulu í Uganda

Ég og fjölskylda mín höfum verið styrktaraðili á vegum ABC í nokkur ár) og styrkt strák í Norður-Úganda í Gulu héraði. Við höfum eins aðrir styrktaraðilar fengið myndir og fréttir af og til af styrktarbarninu okkar. Það var síðan síðasta janúar sem ég fór þangaði í heimsókn og var svo heppin að hitta Patrick og fjölskyldu hans.

Ég fór til Úganda sem sjálfbóðaliði og bjó þar í 6 mánuði. Mig hefur alltaf langaði að fara til Afríku og ákvað ég að þar sem að ég ætti styrktarbarn í Úganda skyldi ég einfaldlega fara þangað.

Ég vann í Úganda við sjálfbóðaliðastörf og bjó hjá úgandskri fjölskyldu. Ég bjó við allt aðrar aðstæður en hérna heima, upplifði aðra menningu, lærði nýtt tungumál og borðaði framandi mat. Ég fékk að upplifa margt skemmtilegt og áhugavert. En eitt það skemmtilegasta sem ég gerði var að ferðalag til Gulu og heimsóknin til styrktarbarnsins okkar Patricks.

Ég fór með vini mínum og við tókum rútu til Gulu sem tók 5-6 klukkutíma. Daginn eftir komumst við í samband við konu sem var kunnug í bænum, átti bíl og gat aðstoðað mig við að finna skólann.

Við komum í skólann og töluðum við skólastjórann sem fann Patrick fyrir okkur. Það var mjög skemmtileg upplifun að hitta hann. Hann var hissa yfir komu þessarar undarlegu, hvítu stelpu og var feiminn. Við fórum svo með hann í bæinn og á markaðinn þar. Þar keypti ég ýmislegt handa honum og fjölskyldu hans. Hann vantaði skó og ég fann fyrir hann þar sem ég vona að muni koma að góðum notum. Ég keypti einnig sokka, skólabækur og penna fyrir bræður hans og systur, skyrtu á Patrick og sykur fyrir heimilið. Allt þetta og fleira til keypti ég á innan við 3000 íslenskar krónur þannig að maður sér hvað mikið er hægt að gera fyrir lítinn pening.

Eftir þessa skemmtilegu verslunarferð settumst við niður og fengum okkur að borða (hefðbundinn úgandska máltíð) og töluðum við Patrick. Hann var feiminn og hissa á þessu öllu saman. Við vissum ekki hvar hann ætti heima og hann gat ekki útskýrt það fyrir okkur. En mig langaði mikið til að fara í heimsókn og hitta ömmu hans og systkini. En foreldrar hans eru dánir fyrir mörgum árum síðan og amman sér um upplidið.



Þar sem við sátum og ræddum hvað við gætum nú gert kom kona sem sat á stéttinni og seldi einhvern varning að tala við okkur þar sem hún sá að við vorum hálfþýnd. Hún gat talað tungumálið hans Patrick og fann út hvar hann ætti heima. Við tókum því boda-boda sem eru mótorhjól notuð eins og leigubílar og konan hjálpsama sagði boda-boda mönnunum hvert við vildum fara og þeir keyrðu af stað með okkur.

Ferðin var löng og skrikkjótt út úr bænum eftir þröngum göngustíg milli trjáa. Loks komum við að húsi Patricks og hittum ömmu hans og tvo yngri bræður. Mikið var gaman að koma og sjá húsið og hitta ömmu hans. Hún var miklu hressari en ég hafði ímyndað mér og var rosalega glöð að hitta mig. Ég gaf henni pakkann og hún faðmaði mig að sér. En hún talar ekki orð í ensku og þess vegna fengum við dóttur hennar, frænku Patricks til að túlka fyrir okkur. Við spurðum um hagi Patricks og hvernig honum gengi í skólanum og þess háttar. Þessi heimsókn var eitt það skemmtilegasta sem ég hef gert og mun aldrei gleyma henni.



